

Páskabútur

Fréttabréf Delamerkurskóla



Drullubú í hænuhorni

Nemendur úr 5.-10. bekk voru í valgrein hjá Auði smíðakennara fyrir áramóta þar sem þau smíðuðu útielhús, alls kyns áhöld, matvæli og eldhústæki. Hugmyndin var að nýta hænuskotið okkar á bak við skólann til þess að setja upp glæsilegt útielhús í drullubúastíl. Nemendur í útiskólanum í 3.-4. bekk vígðu fína eldhúsið í byrjun mars mánaðar og vakti það mikla lukku. Nemendur eru dugleg að leika sér í eldhúsinu í frímínútum en þetta verkefni er afar vel lukkað!



Árshátíðin 26. mars

Skemmtilegasti skóladagur ársins er framundan en við státum okkur af glæsilegri árshátíð þar sem nemendur skólans eru öll með hlutverk, ýmist á sviði eða á bak við tjöldin. Mikill lærdómur felst í þátttöku og undirbúningi árshátíðar fyrir nemendur jafnt sem fullorðna. Við hlökkum mikið til dagsins og að deila afrakstrinum og gleðinni með aðstandendum.

Nemendur mæta í skólann á hefðbundnum tíma en sýningin hefst stundvíslega kl. 15:30 í íþróttahúsinu og lýkur kl. 17:00. Enginn heimakstur skólabíla er þennan dag og fara börn heim með foreldrum sínum. Ferðasjóður 8. og 9. bekkjar býður upp á kaffihlaðborð eftir sýningu í matsal skólans.

Miðaverð á sýninguna eru 1500 krónur fyrir aðstandendur 10 ára og eldri. Enginn posi.

Allar upplýsingar um daginn má finna í þessu upplýsingabréfi sem við biðjum foreldra að kynna sér vel.

Samræður og samræðuhvetjandi verkefni

Undanfarin ár hefur Þelamerkurskóli verið að innleiða leiðsagnarnám með það að markmiði að skapa námsmenningu sem byggir á trausti og virðingu, áhugahvetjandi og skapandi verkefnum, hugarfari vaxtar, lýðræðislegum samskiptum og samvinnu, eflingu eigin námsvitundar og seiglu og eiga hlutdeild að eigin námi. Leiðsagnarnám byggir á samvinnu og samskiptum og er hrós stór hluti af þeirri vinnu sem hefur verið í gangi hjá okkur.

Síðustu mánuði höfum við unnið sérstaklega með **samræður og samræðuhvetjandi** verkefni. Okkur langaði að sýna ykkur afrakstur þeirrar vinnu á einhvern hátt og ákváðum að setja upp smá sýningu á Torginu á árshátíðardeginum sjálfum. Verk námshópanna eru tvenns konar:

-Allir námshópar bjuggu til samræðuhvetjandi spurningar út frá ákveðnum spurningastofnum sem þið megið endilega spreyta ykkur á! Margar spurninganna eru alvega ferlega skemmtilegar.

-Síðan fékk hvert teymi úthlutað þema til að vinna út frá og mátti ráða hvernig það væri útfært.

1.-4. bekkur vann með þemað: Draumaskólalóðin

5.-6. bekkur vann með þemað: Hinn fullkomni skóladagur

7.-10. bekkur vann með þemað: Draumaskólinn

Við hvetjum ykkur til þess að skoða þessi skemmtilegu verk eftir að árshátíðarsýningu lýkur og taka spjallið um einhverja áhugaverða spurningu!



Svona sjá Edda og Jónas í 3. bekk draumaskólalóðina fyrir sér

Skíðaskólinn

Skíðaskólinn fyrir nemendur í 1.-4. bekk gekk framur björtustu vonum, veðrið var stórkostlegt og svo var dásamlegt að fylgjast með framförum barnanna dag frá degi. Við erum virkilega stolt af þessu verkefni okkar og þökkum kærlega fyrir alla aðstoð sem við fengum. Ásamt nemendum 1.-4. bekkjar mættu 20 foreldrar, 10 unglingar og 15 starfsmenn frá skólanum til að aðstoða. Þvílíkur mannaúður og færur við ykkur okkar bestu þakkir.

Hérna má sjá myndir frá skíðaskólanum okkar.



Lífshlaupið 2026

Lífshlaupið fór fram í febrúar og gerðu nemendur sér lítið fyrir og lentu í 3. sæti í grunnskólakeppninni á meðal skóla sem eru með 90-299 nemendur. Þátttaka nemenda var gríðarlega góð og var mikil stemmning í kringum Lífshlaupið þetta árið. Nemendur í 3. bekk voru m.a. dregin út og fengu útdráttarverðlaun. Nemendur skráðu alla sína hreyfingu í tvær vikur og var metnaðurinn virkilega mikill meðal flestra nemenda. Við erum virkilega stolt af nemendum okkar.



Viðar frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands kom og afhenti Rögnu og Önnu Rósu verðlaunaplattann.


Hvað er framundan í skólastarfinu?

- 24.mars: Uppsetning á Íþróttasal fyrir árshátíð
- 26. mars: Árshátíð Þelamerkurskóla kl.15:30
- 28.-6. apríl: Páskafrí
- 17. apríl: Upplestrarkeppni 7. bekkjar á Þelamörk
- 23. apríl: Sumardagurinn fyrsti
- 24. apríl: Starfsdagur, skóli lokaður
- 28. apríl: Lokahátíð upplestrarkeppni 7. bekkjar í Fjallabyggð
- 29. apríl: Skólahreysti í Íþróttahöllinni
- 1. maí: Verkalýðsdagurinn, skóli lokaður
- 1. maí hlaupið
- 2.-3. maí: Samfestingurinn (Dranginn)
- 4. maí: Samskólalagur miðstigs, Valsárskóla
- 6. maí: Fiðringur í Hofi (unglingastig)
- 7.maí: Samskólalagur unglingsstigs, Þelamörk
- 14. maí: Uppstigningardagur
- 15. maí: Umhverfisdagurinn
- 20. maí: Grunnskólalagur 5.-6. bekkjar í Boganum
- 25. maí: Annar í hvítasunnu
- 27. maí: Vorferð nemenda
- 3. júní: Þelamerkurleikarnir
- 4. júní: Vorhátíð og skólaslit



Farsæld barna

Stýrihópur farsældar í Hörgársveit samanstendur af starfsfólki leik- og grunnskólans auk fulltrúa frá ungmennafélaginu Smáranum og félagsmiðstöðinni Dranganum. Stýrihópurinn fundar reglulega en innleiðing farsældar í Hörgársveit hefur gengið vel og vinnur hópurinn nú að úrræðalistum. Tveir tengiliður eru í hvorum skólanum fyrir sig. Við hvetjum aðstandendur og börn til að leita til tengiliða skólanna þegar þörf er á.



Stíll - Fatahönnunarkeppni



Félagsmiðstöðin Dranginn sendi fulltrúa á Stíll hönnunarkeppni sem fram fór 14. mars sl. Þemað í ár var Viktoríu tímabilið. Þetta er í annað sinn sem við eigum fulltrúa í keppninni en í ár fóru Efemía Birna Björnsdóttir og Hjördís Emma Arnarsdóttir ásamt Ylva Sól Agnarsdóttur sem hljóp í skarðið fyrir Tinnu Margréti Axelsdóttur. Til hamingju með frábæran árangur!

NorðurOrg - Söngkeppni félagsmiðstöðva



Hljómsveitin Plazma steig á stökk í Ólafsfirði þegar þau tóku þátt í söngkeppninni NorðurOrg 13. mars sl. Þau fluttu Bubba slagarann *Fjöllin hafa vakað* og stóðu sig virkilega vel en komumst því miður ekki áfram í söngkeppnina í Laugardalshöll þetta árið. Við erum stolt af ykkur!

Hálsaskógur lifnar við í stofu 1

Þemaverkefni í 3. og 4. bekk

Frétt frá nemendum

Í Þelamerkurskóla ríkir mikill spenningur þessa dagana því nemendur undirbúa af krafti komandi árshátíð. Nemendur í 3. og 4. bekk hafa undanfarnar vikur unnið að fjölbreyttu og skemmtilegu þemaverkefni í Byrjendalæsi þar sem sagan um Dýrin í Hálsaskógi hefur verið í brennidepli. Mikill metnaður og sköpun hefur einkennt alla vinnuna og hefur nemendum tekist að breyta skólastofunni sinni í töfrandi skóg.

Viðfangsefnin hafa verið fjölbreytt og lærdómsrík. Nemendur útbjuggu skapandi leikskrá, unnu með söngva og ljóð og nýttu tæknina til að glæða verkin lífi en hægt er að hlusta á upplestur þeirra á eigin ljóðum í gegnum QR kóða. Gluggarnir eru listilega skreyttir með myndum af dýrum og skógargróðri. Þá útbjuggu nemendur einnig skóga í þrívídd á pappír þar sem reglur dýranna í Hálsaskógi koma fram.

Þessu ævintýralega þema lýkur á árshátíðardaginn með þeirra eigin uppsetningu á leikritinu um Dýrin í Hálsaskógi. Við hvetjum alla til að mæta á sýninguna og líta svo við í skólastofunni til að virða fyrir sér verk nemenda sem þeir hafa lagt mikla vinnu í og eru virkilega stoltir af.




Samstarf við félag eldri borgara í Hörgársveit

Það skiptir okkur miklu máli að vera í góðu sambandi við nærsamfélagið og erum við mjög rík af öllu því öflugra fólki sem hér býr í Hörgársveit. Velvildin í garð skólans er greinileg og veitir okkur drifkraft og hvatningu. Í vetur ákváðum við að efla samstarf við Félag eldri borgara í Hörgársveit og hefur það gengið mjög vel og vakið mikla lukku hjá yngri jafnt sem eldri. Þau aðstoðuðu okkur við laufabrauðsgerð og steikingu, þau lásu jólasögur og sögðu frá jólnum þegar þau voru yngri og spiluðu félagsvist með unglíngunum. Þetta hafa verið dýrmætar samverustundir sem við erum afar þakklát fyrir og hlökkum til að efla samstarfið enn frekar.



Myndir og fréttir á heimasíðunni
www.thelamork.is

Við erum dugleg að setja inn fréttir af skólastarfinu inn á heimasíðuna okkar thelamork.is - Ef þið hafið misst af einhverjum fréttum þá eru hér hlekkir á nokkrar fréttir og myndaalbúm.



[Þorablót 1.-6. bekkjar](#)

[Vel heppnaður útivistardagur](#)

[Starfamessa í 9.-10. bekk](#)

[Félagsvist - ánægjuleg samverustund](#)

[Okkar eigin kynjaskepnur í 5. bekk](#)

[Skíðaskólinn](#)

[Frábær dansvika](#)

[Öskudagsskemmtun á sprengidegi](#)

[Frétt frá 1. bekk](#)



Eftir páskafrí - Grænfáninn



Skólinn hefst eftir páskafrí þriðjudaginn 7. apríl og er ýmislegt framundan hjá okkur. Föstudaginn 10. apríl eigum við von á að fá fimmta Grænfánann afhendan frá Landvernd en úttektaraðilar verða í skólanum daginn áður, þau hitta umhverfisnefndina sem samanstendur af nemendum og starfsfólki og kynnast öllu því flotta starfi sem við vinnum að í anda Grænfánans. Þelamerkurskóli er mjög virkur þátttakandi í Grænfánavinnu; við flokkum, ræktum grænmeti, plöntum trjám, stundum útiveru, förum í útiskóla, stuðlum að hvers kyns endurnýtingu, vinnum gegn sóun og fræðumst um alls konar. Grænfáninn er orðinn stór partur af skólastarfinu og verður gaman að draga nýjan fána að húni.



Frá afhendingu Grænfánans árið 2008



Við þökkum fyrir gott samstarf og samvinnu.

Við vonum að páskafríð verði ykkur öllum ljúft og gott.

Við hlökkum til að sjá ykkur á árshátíðinni og þiggjum alveg aðstoð við frágang í íþróttahúsinu eftir að balli lýkur kl. 17:45.

Kærar páskakveðjur frá starfsfólki Þelamerkurskóla

